

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2023

Efni: Samráðsgátt - Umsögn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um uppbyggingu og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 - Mál nr. 182/2023

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er vísinda- og rannsóknastofnun á sviði dýraheilbrigðis og dýrasjúkdóma. Stofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun með sérlæg og sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma er ein af þremur kjarnadeildum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og lagalegt hlutverk hennar er að efla innlendar rannsóknir á fisksjúkdómum og regluþundið eftirlit með heilbrigði hrogrna, lagareldisdýra, seiða og fiska. Þá er stofnunin landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa á sviði fisksjúkdóma og hefur faggildingu sem slík. Ábyrgð og skyldur tilvísunarrannsóknarstofa eru víðtækari og talsvert umfram þær kröfur sem gerðar eru til almennra rannsóknastofa. Sem dæmi er í mörgum tilfellum gerð krafa um faggildingu rannsóknaraðferða, einkum hvað varðar alvarlega, skráningarskylda sjúkdóma, til að rannsóknarniðurstöður uppfylli bestu gæðakröfur og teljist áreiðanlegar.

Meginverkefni Rannsóknadeildar fisksjúkdóma er að annast rannsóknir á fisksjúkdómum og sjúkdómsgreiningar á fiski, auk annarrar skyldrar starfsemi. Verkefni hennar eru jafnframt fólgin í því að veita fiskeldisstöðvum aðstoð og ráðgjöf sem að gagni mega koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sinnir þjónusturannsóknnum, s.s. skimun á sjúkdómum fiska, einkum í fiskeldisstöðvum en einnig villtum fiskum, og greiningum á hinum ýmsu fisksjúkdómum. Matvælastofnun og sjálfstætt starfandi dýralæknar/fisksjúkdómafræðingar, sem sinna heilbrigðiseftirliti hjá eldisfyrirtækjum, taka sýni og senda þau til stofnunarinnar til greiningar og rannsókna. Auk þess senda eldisfyrirtæki oft ferska fiska beint til stofnunarinnar til krufningar, sýnatöku og sjúkdómsgreiningar. Stofnunin sinnir einnig metnaðarfullum grunnrannsóknnum en slíkar rannsóknir eru grundvallarþáttur í því að efla þekkingu á fisksjúkdómum og vörnum gegn þeim.

Í apríl 2021 var ný löggjöf Evrópusambandsins um smitandi dýrasjúkdóma (Reglugerð (ESB) 2016/429) innleidd á Íslandi. Í 13. gr. hennar er m.a. lýst þeirri ábyrgð aðildarríkja að sjá til þess á viðeigandi stjórnáslustigi að lögbær yfirvöld hafi aðgang að rannsóknastofum með starfsfólki sem hefur þau réttindi og hæfni, aðstöðu, tækjabúnað og fjármagn sem þarf til að tryggja skjóta og nákvæma greiningu og samanburðargreiningu skráðra sjúkdóma og nýtilkominna sjúkdóma. Meðal annars í þessu ljósi er mjög mikilvægt að veita sem fyrst auknu fjármagni til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til þess að efla rannsóknainviði á sviði fisksjúkdóma hvað varðar fjölgun sérfræðinga á þessu sviði og til að tryggja að stofnunin hafi þann besta tækjakost sem völ er á á hverjum tíma.

Húsnæði Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem hýsir Rannsóknadeild fisksjúkdóma er frá árinu 1992. Þá nam framleiðsla í íslensku fiskeldi um 3 þúsund tonnum en var orðin 53 þúsund tonn á árinu 2021 og stefnir hraðbyri í 100.000 tonn á næstu misserum, einkum vegna mikillar fyrirséðrar aukningar í landeldi. Í ljósi þessarar miklu framleiðsluaukningar í fiskeldi frá árinu 1992 og áforma um aukið fiskeldi á Íslandi í náinni framtíð er brýnt að horft sé til uppbyggingar á rannsóknarinnviðum stofnunarinnar hvað húsakost varðar til að þeir haldist í hendur við þessa þróun.

Árið 2022 setti matvælaráðuneyti á fót „Starfshóp um smitvarnir í sjókvíaelði“ sem í var, meðal annarra, fulltrúi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til matvælaráðherra í byrjun árs 2023. Þar er m.a. bent á að efling/uppbygging Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sé brýn. Jafnt til að mæta aukinni þjónustupörf við fiskeldið, sem og til að efla grunnrannsóknir greininni til hagsbóta. Í framhaldi af þessari vinnu var haldinn fundur í matvælaráðuneyti þar sem fjallað var um mikilvægi þess að efla og fjölga grunnrannsóknum á sviði fisksjúkdóma. Þar var m.a. velt upp þeirri spurningu hvort eðlilegt væri að brýnar rannsóknir á þessu sviði væru alfarið háðar fjármagni úr samkeppnisjóðum þar sem ekki er á vísan að róa hvað úthlutanir úr slíkum sjóðum varðar. Það væri vert að íhuga hvort ástæða sé til að beint framlag komi frá matvælaráðuneyti og/eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til að tryggja að brýnustu grunnrannsóknir á hverjum tíma séu framkvæmdar. Ekki er nægilegt að efla eftirlit og stjórnýsly í greininni. Samhliða verður að skapa raunhæfar forsendur fyrir rannsóknir til framtíðar. Skyndilausnir duga engan veginn í þessu samhengi.

Í stefnu stjórnvalda um lagareldi til ársins 2040, eins og hún birtist í Samráðsgáttinni, er lítið fjallað um mikilvægi rannsóknainnviða fyrir greiningar á fisksjúkdómum, varnir gegn þeim og viðbragðsáætlanir ef upp koma alvarleg sjúkdómstilfellir. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vill brýna matvælaráðuneyti til að huga vandlega að þeim þætti í stefnumörkun sinni enda eru öflugir rannsóknarinnviðir á sviði fisksjúkdóma og heilbrigðis fiska í fiskeldi forsenda þess að öflugt og heilbriggt lagareldi geti þrífist á Íslandi til framtíðar. Heilbrigði eldisfiska er meginforsenda arðvænleika greinarnnar, auk þess að vera mikilvægt dýravelferðarmál. Þetta kom berlega í ljós þegar alvarlegur sjúkdómur, „blóðþorri“, greindist á Austfjörðum árin 2021 og 2022.

Þá hvetur Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum matvælaráðuneyti eindregið til að vera í virku og öflugu samstarfi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti við mótun stefnunnar þar sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, og þar með innlendir rannsóknainnviðir á sviði fisksjúkdóma, heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti en flestir aðrir þættir undir matvælaráðuneyti, s.s. stjórnýsly lagareldis og eftirlit með því. Í þessum málaflokki eins og svo mörgum öðrum er því afar brýnt að stefnumótunin og framfylgd stefnunnar sé unnin þvert á viðkomandi ráðuneyti og að horft sé til allra þátta til að tryggja velgengni viðkomandi atvinnugreinar og að heilbrigði fiska og velferð þeirra sé í hávegum höfð innan hennar.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði er ávallt reiðubúin til að ræða þessi mál betur og fylgja þeim eftir markvissum hætti.

Virðingarfyllt



Kristín Kalmansdóttir, framkvæmdastjóri